

vörum — þeirrar, er leiðir af hækkun á kaupi bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli, vegna ákvæða samnings Alþýðusambands Íslands og samtaka vinnuveitenda frá 18. marz 1968.

6. gr.

Dómur þessi gildir frá 1. apríl 1968 og til sama tíma og dómur Kjaradóms frá 30. nóvember 1967.

Fjármálaráðuneytið, 25. júní 1968.

Nr. 218.

15. júlí 1968.

REGLUR

um endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni.

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 71 30. desember 1963, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Af benzíni, sem sönnur eru færðar á að notað hafi verið á dráttarvélar til búreksturs, skal endurgreiða innflutningsgjald það, er um ræðir í 1. gr., þó þannig, að ekki verður endurgreitt af meira benzínmagni vegna hvernar einstakrar vélar en hér segir:

20 hestafla vélar og þar yfir	1250 lítrar á ári
15—19 hestafla vélar	1000 lítrar á ári
14 hestafla vélar og þar undir	750 lítrar á ári

Innflutningsgjaldið endurgreiddist eftir á fyrir hvert almanaksár.

3. gr.

Hver notandi um sig sækir um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefur sjálfur notað. Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal tilgreina í beiðninni, hversu marga lítra af benzíni umsækjandi hefur alls notað á árinu. Skal þar greina hversu mikið magn hefur verið notað á dráttarvélar til búreksturs og hversu mikið magn hefur farið til notkunar á aðrar vélar. Með beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Ef benzínið er keypt innanlands skal fylgja kvittaður sölureikningur. Sé sölu-reikningur ekki greiddur, skulu afhendingarnótur fylgja umsókn.
2. Yfirlýsing umsækjanda um, hversu margar klst. á árinu hver benzínknúin dráttarvél muni hafa verið notuð.
3. Ef notandi hefur flutt benzínið inn sjálfur, skal fylgja umsókn vottorð lög-reglustjóra í því umdæmi, þar sem inn er flutt um innflutninginn og greiðslu innflutningsgjalds.
4. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem benzínið hefur verið notað, um að umsækjandi eigi gangfæra, benzínknúna dráttarvél, sem hann noti til búrekstrar.

Ef vísvitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer um það eftir 145. gr. hinna almennu hegningarlaga, svo og XXVI. kafla laganna, ef við á.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir skal senda til sýslumanna, bæjarfógeta eða hreppstjóra, í Reykjavík til lögreglustjóra, sem síðan senda beiðnir áfram til fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðuneytið sendir síðan endurgreiðslurnar til sýslumanna og bæjarfógeta, sem annast útborgun til þeirra, sem í hlut eiga.

Erindi um endurgreiðslur innflutningsgjalds af benzíni fyrir undanfarið ár skulu vera komin til réttis lögreglustjóra fyrir 15. febrúar ár hvert. Öll slík erindi skulu hafa horizt fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15. marz ár hvert. Erindi sem berast ráðuneytinu eftir 15. marz koma til afgreiðslu næsta ár á eftir.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. vegalögum nr. 71 30. des. 1963 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 222 30. des. 1958.

Endurgreiðslan á árinu 1968 vegna notkunar árið 1967 skal fara eftir ákvæðum þessara reglna.

Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um rekstrarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga vegna ársins 1967.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1968, er miðast við legudagafjölda 1967.

2. gr.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskípt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst þremur deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild.

Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar læknisþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu.

Hver hinna þriggja flokka skiptist í tvo undirflokka, A og B. Á þessu ári skal þó ekkert sjúkrahús falla í I. flokk A.

3. gr.

Í I. flokki B eru:

Borgarspítalinn í Reykjavík,
Sjúkrahús Akureyrar.

Í II. flokki A eru:

Hvítabandið,
Sjúkrahús Akraness,